

Ályktanir

31. FLOKKSÞINGS
FRAMSÓKNARMANNA

Hótel Sögu 8.-10. apríl 2011



Efnisyfirlit

Ályktun um atvinnumál.....	3
Ályktun um sjávarútvegsmál	5
Ályktun um efnahagsmál, fjármál ríkisins, skattamál og viðskipti.....	8
Ályktun um mennta- og menningarmál.....	10
Ályktun um velferðarmál	11
Ályktun um innanríkismál.....	11
Ályktun um auðlinda- og umhverfismál	15
Ályktun um utanríkismál.....	16
Jafnréttisáætlun Framsóknarflokksins	19

Ályktun um atvinnumál

Framsóknarmenn vita að velferð grundvallast á atvinnu. Því sviður sú alvarlega soun á mannauði og verðmætum að tæplega 15.000 manns gangi atvinnulausir. Að vinna bug á atvinnuleysinu er forgangsverkefni næstu missera. Markvissar aðgerðir geta hjálpað Íslendingum að skapa frekari verðmæti í landinu. Stjórnvöld sem vilja tryggja byggð í landinu, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, þurfa að skilja að verðmæti verða ekki til fyrirhafnarlaust og skattstofna verður að rækta svo að þeir skili tekjum. Eftirspurn eftir orku eykst hratt í veröldinni. Forgangsröðun og aukin áhersla á fjölbreyttan kaupendahóp orku eru líkleg til að stórauka verðmæti íslenskra orkuauðlinda. Hvað sem líður þróun nýrrar tækni er þó ljóst að eftirspurn eftir kolum, olíu og gasi mun áfram fara vaxandi. Framsóknarflokkurinn leggur því til að íslensk stjórnvöld beiti sér nú þegar fyrir olíurannsóknum á Drekasvæðinu. Í ljósi sameiginlegra hagsmuna verði samstarf við Norðmenn sérstaklega kannað. Framsóknarflokkurinn ályktar að nauðsynlegt sé að grípa strax til eftirfarandi aðgerða sem geta skapað allt að 12.000 störf á næstu árum.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að allar aðgerðir sem stuðla að auknum atvinnutækifærum feli í sér störf til jafns fyrir konur og karla.

Vinnumarkaðsaðgerðir:

- Gera úttekt á þörfum atvinnulífs og atvinnulausra gagnvart námi og námsframboði.
- Koma til móts við þarfir einstaklinga sem ekki hafa fundið sig í framhalds- og háskólum.
- Ný úrræði fyrir fólk án atvinnu verði fyrir hendi við upphaf skólaársins 2011–2012.
- Ná samkomulagi við atvinnulífið um að nú í haust verði atvinnulaust fólk ráðið í starfsnám.
- Horft verði sérstaklega til hinna „skapandi greina“, s.s. hönnunar- og tæknigreina.
- Treysta og efla þá starfsemi sem fyrir er í landinu.

Stoðkerfi atvinnulífsins:

- Samþætta aðila sem starfa innan stoðkerfis atvinnulífsins.
- Auka fjármagn til Íslandsstofu.

Nýsköpun:

- Breyta lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki þannig að stuðningur við þau verði í formi afsláttar á staðgreiðslu launa ásamt rannsóknar- og þróunarstyrkjum.

Hugverkaiðnaður:

- Veita auknu fjármagni til kennslu í raun- og verkfræðigreinum í háskólum landsins.

- Að auka framlag til Tækniþróunarsjóðs.

Kvikmyndagerð og tónlist:

- Að endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndaframleiðslu verði hækkað úr 20% í 25%.
- Staðið verði við gefin loforð um framlög til kvikmyndasjóðs.
- Að endurgreiðsluhlutfall við tónlistarupptökur hér á landi verði 25%.

Ferðaþjónusta:

- Mikilvægt er að framkvæmdasjóður ferðaþjónustunnar renni til uppbyggingar innan greinarinnar og markaðssetningar.
- Hefja kynningarátak og ímyndarsköpun til að efla ferðaþjónustu allt árið. Ríkissjóður verji 350 m.kr. til átaksins og aðilar í ferðaþjónustu leggi fram samsvarandi upphæð.
- Tryggja þarf markaðsmálum farveg til lengri tíma með markvissu samstarfi ríkis, sveitarfélaga, markaðsstofa og fyrirtækja.
- Efla grunnrannsóknir í greininni en kynningarátak, ímyndunarsköpun og vörupróun byggir á góðum rannsóknum.

Landbúnaður:

- Stjórnvöld lýsi því yfir að rekstrarumhverfi landbúnaðarins verði ekki raskað frekar til loka gildistíma núverandi búvörusamninga.
- Með liðsinni Íslandsstofu verði vakin athygli erlendis á þeim miklu tækifærum sem fólgin eru í loðdýrarækt hér á landi og þeim kostum sem mæla með fjárfestingum hér. Greininni verði tryggt samkeppnishæft umhverfi og tryggðir möguleikar á að nýta þau hráefni sem til falla.
- Unnið verði með matvælaframleiðendum að stefnumörkun um hvernig hægt sé að auka hlut innlendra matvæla í neyslu hérlendis og hvaða markmið skuli sett varðandi útflutning, sérstaklega á lambakjöti og grænmeti.
- Lagður verði meiri kraftur í kornrækt í landinu til fóðurframleiðslu og manneldis.
- Framsóknarflokkurinn standi vörð um skógrækt í landinu sem vaxandi atvinnugrein.
- Fjölga þarf tækifærum matvælaframleiðenda til að vinna úr og þróa eigin afurðir.
- Leitað verði allra leiða til þess að lækka kostnað við flutning á raforku, m.a. til að bæta rekstrarskilyrði garðyrkjunnar.
- Sett verði raunhæf og mælanleg markmið um innlenda metan- og lífdísselframleiðslu.

Orkumál og orkuskipti:

- Mótuð verði stefna um hvernig unnt sé með sem skilvirkustum hætti að ýta undir notkun á nýrri tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum og fjárframlög notuð til að stuðla að þeirri þróun.

- Stefnt verði að því að þau 10% heimila sem ekki eiga kost á heitu vatni til húshitunar fái styrki til fjárfestinga í t.d. varmadælum, gluggaskiptum, bættri einangrun húsa o.s.frv. gegn lækkuðum niðurgreiðslum hins opinbera á orku til húshitunar.

Uppbygging í mannaflsfrækum iðnaði:

- Stjórnvöld geri beina erlenda nýfjárfestingu að forgangspatriði og móti áætlun um hvernig uppbyggingu stefna eigi að.
- Sett verði skýr stefna um erlenda fjárfestingu í landinu.
- Undirbúa byggingu áburðarverksmiðju.

Nánar er fjallað um áherslur Framsóknarflokksins í atvinnumálum í skýrslu atvinnuálanefndar, sem kynnt var á 31. flokksþingi framsóknarmanna 8.-10. apríl 2011 og er inn á www.framsokn.is.

Samtals eru áætluð 11.800 störf:

- 2.000 einstaklingar í nám eða starfsþjálfun
- 1.000 störf í nýsköpun
- 1.000 störf í ferðaþjónustu
- 800 störf í kvikmyndum og tónlist
- 1.000 störf í landbúnaði
- 2.000 störf í vegagerð
- 4.000 störf í iðnaði og orkumálum

Ályktun um sjávarútvegsmál

Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að ná sem víðtækastri sátt meðal þjóðarinnar, jafnt ólíkra pólitískra aflu og hagsmunaaðila innan sjávarútvegsins. Til að nauðsynleg sátt og stöðugleiki náist þarf að móta skýra stefnu til lengri tíma. Sú stefna byggir m.a. á eftirfarandi:

1. Framsóknarflokkurinn hafnar fyrningarleiðinni sem fiskveiðistjórnunartæki.
2. Stjórnun fiskveiða verði blönduð leið, annars vegar á grunni aflahlutdeildar á skip og hinsvegar úthlutun veiðileyfa sem taki mið af sértækum byggðaaðgerðum, auk hvatningar til nýsköpunar og til þess að auðvelda aðgengi nýrra aðila að útgerð.
3. Tryggja verður sameign þjóðarinnar á sjávarauðlindum m.a. með ákvæði í stjórnarskrá sbr. lög nr. 116 frá 2006. – 1. gr. „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“
4. Úthlutun veiðileyfa verði gerð með þeim hætti að skilgreina tvo potta.
 - **Pottur 1** þar sem gerður verði nýtingarsamningur til u.þ.b. 20 ára, á grunni aflahlutdeildar á hvern bát. Samningurinn verði á milli ríkisins og íslensks

aðila sem haft hafa búsetu á Íslandi að minnsta kosti síðustu 5 ár. Samningurinn verði endurskoðaður á fimm ára fresti með möguleika á framlengingu til fimm ára í senn. Samningurinn skal taka mið af heildarstefnu framsóknarmanna í fiskveiðistjórnun þar sem mótað verði takmarkað svigrúm til breytinga á samningstímanum. Í nýtingarsamningi verði m.a ákvæði um veiðiskyldu og takmarkað framsal. Taka þarf upp varanlegt fyrirkomulag sem tryggir hreyfingu á aflaheimildum í framtíðinni. Skoða ber með hvaða hætti best má tryggja slíkt. Settar verði takmarkanir á óbeina veðsetningu aflahemilda og leitað leiða til að draga úr núverandi veðsetningu. Breytingar verði þó ekki afturvirkar. Greitt verði fyrir nýtingarréttinn með árlegu veiðigjaldi. Gjaldið verði hóflegt og tengt afkomu greinarinnar.

- **Pottur 2** þar sem veiðileyfum verði úthlutað til:
 - a. *Fiskvinnslu*. – Um er að ræða byggðaávilun þar sem að aflaheimildum verði fyrst og fremst úthlutað til fiskverkenda þar sem það á við. Fiskvinnslurnar semji við einstaka útgerðir um veiðar.
 - b. *Ferðapjónustuveiða*. – Þar sem þessum aðilum verði tryggt aflahlutdeild með því að landa aflanum til Hafrannsóknastofnunar – VS-afla . Setja þarf sérstakar reglur um úthlutunina.
 - c. *Nýsköpunar*. – Stuðningur við nýsköpun m.a. með leyfum í meðafla og til sérstakra verkefna auk beins fjárstuðnings.
 - d. *Strandveiða – nýliðunarpottur*. – Megin tilgangur strandveiða er að auðvelda nýjum aðilum að hefja útgerð og má hver aðili einungis fá úthlutað einu strandveiðileyfi.

Stefnt sé að því að Pottur 2 ýti undir nýsköpun og nýliðun, hvetji til frekari nýtingu auðlindarinnar, auk byggðatengdra aðgerða. Núverandi tilfærslur eru 3,5% af heildarþorskígildum og mjög mismunandi eftir tegundum allt frá 0-10%. Samhliða stofnstærðaraukningu einstakra tegunda vaxi Pottur 2 á allra næstu árum þannig að af tegundum sem engin tilfærsla er á í dag verði hann 3-5% og af öðrum stofnum allt að 10%. Stefnt sé að því að Pottur 2 vaxi enn frekar, en þó aldrei meira en 15% af einstökum tegundum meðtilliti til stofnstærðaraukningar og reynslu af úthlutunum til Potts 2.

5. Veiðigjald/auðlindarentan sem sjávarútvegurinn greiðir verði nýtt að hluta til nýsköpunar, rannsókna og markaðsstuðnings innan greinarinnar sjálfar. Hluti renni til þess landsvæðis þar sem veiðigjaldið verður til t.d. til atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi svæðis og hluti í ríkissjóð.
6. Sjávarauðlindin er í senn gjöful en takmörkuð. Því er mikilvægt að hlúa að nýsköpun og enn frekari nýtingu hráefnis til að skapa verðmæti og auka arðsemi. Setja þarf fram efnahagslega hvata til að auka nýtingu á hráefni sem í dag er illa eða ekki nýtt.
7. Mikilvægt er að nýta auðlindina sem skynsamlegast og byggja á grunni vísindalegrar þekkingar og sjálfbærni lífríkisins. Stefnt skal að því að setja fram

nýtingarstefnu (aflareglu) um alla stofna sem miðist við að byggja þá upp til að þola hámarksnýtingu til langstíma.

8. Sjávarútvegur er grunn atvinnuvegur þjóðarinnar. – Mikilvægt er að menn átti sig á að sjávarútvegur er ekki aðeins veiðar heldur hátæknivæddur matvælaíðnaður sem byggir á öflugri og þróaðri vinnslu og markaðssetningu. Hluti af ferlinu er nauðsynleg gæða- og umhverfisvottun.
9. Til að tryggja áframhaldandi forystu Íslendinga á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda hafsins verði hugað í vaxandi mæli að umhverfislegum þáttum og augljósu samspili nýtingar hinna ýmsu tegunda í hafinu.

Fylgiskjal:

Tillögur SUF um strandveiðar

Strandveiðar ber að nýta sem leið til nýliðunar. Til strandveiða verði ráðstafað 3,5-7% af heildaraflamarki í bolfiski.

Úthlutun til svæða verði miðuð við fjölda báta á hverju svæði, umfram ákveðinn fasta t.d. 500 tonn. Landinu verði skipt upp í fjögur svæði eftir landshlutum.

Aflanum skal dreift á báta í stað daga innan svæðis eftir að skráningum til veiða er lokið 1. september ár hvert. Reglum um sóknardaga verði aflétt og bátum þannig gert kleift að veiða þann afla sem þeir fá úthlutað hvenær ársins sem er.

Í lok fiskveiðiárs verður ónýttum heimildum úr kerfinu dreift á þá báta sem veiddu sínar heimildir og bætast við heimildir næsta árs.

Bátar með kvóta umfram 50 þorskígildistonn fá ekki strandveiðiheimildir. Réttur til strandveiða rýrnar í hlutfalli við keyptan nýtingarrétt báta. Hlutdeild strandveiðiheimilda rýrnar þannig um 2% fyrir hvert tonn sem keypt er af heimildum. Bati með 25 tonna kvóta er því heimilt að veiða 50% af úthlutaðum strandveiðiheimildum. Þegar bátur eignast 50 tonn skal hann skila strandveiðileyfi sínu til ríkisins enda það orðið óvirkt. Leyfinu verður þá endurúthlutað.

Hér er um að ræða hvata fyrir strandveiðibáta til að kaupa sig inn í stærra kerfið og þar með hleypa nýjum aðilum inn í strandveiðikerfið.

Leyfum verður úthlutað út árið 2012 og óheimilt að selja eða flytja til leyfi nema skila þeim til ríkisins.

Sambærileg regla mætti eiga við um þá sem selja kvóta, þá gæti aðili sem selt hefur heimildir ekki fullnýtt strandveiðileyfi nema t.d. að fimm árum liðnum frá sölu heimilda. Á hverju ári myndi rétturinn þá aukast um 20%. Tveimur árum frá sölu heimilda myndi réttur til strandveiða vera 40%, 4 árum eftir 80% og að fimm árum liðnum yrði rétturinn 100%.

Ályktun um efnahagsmál, fjármál ríkisins, skattamál og viðskipti

Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum árin lagt áherslu á að blandað hagkerfi einkareksturs, samvinnureksturs og opinbers reksturs sé skynsamlegasta leiðin til að tryggja hagsæld fólksins í landinu. Íslenska hagkerfið þarf að vera stöðugt, gagnsætt og traust, og fyrirtækjum og einstaklingum búið starfsumhverfi þar sem frumkvæði, dugnaður og samfélagslegt réttlæti eru í hávegum höfð.

Strax þarf að gera trúverðuga áætlun um hvernig treysta skuli peningastefnu þjóðarinnar, og hvernig á næstu 18 mánuðum verður hægt að innleiða markaðsskráningu íslensku krónunnar. Við þær aðgerðir þarf m.a. að horfa til mögulegrar skattlagningar á skammtímafjármagnsflæði til landsins þannig að í framtíðinni verði komið í veg fyrir óeðlilega skammtíma styrkingu gjaldmiðilsins sem leitt getur af sér eignabólur, grafið undan rekstrargrundvelli útflutningsatvinnugreina og leitt af sér óeðlilegar sveiflur í gengi íslensku krónunnar. Þá er mikilvægt að koma í veg fyrir að hugsanleg skammtíma veiking íslensku krónunnar í kjölfar haftaafnáms leiði til sjálfvirkrar hækkunar verðtryggðra lána í landinu og þar með skuldaaukningar heimila og fyrirtækja. Jafnframt verði sett í gang þverpólítísk skoðun á því hvort og þá hvaða kostir aðrir í gjaldmiðlamálum kunni að vera til staðar sem betur tryggi langtímahagsæld þjóðarinnar.

Brynt er að Seðlabanki Íslands haldi áfram lækkun stýrivaxta. Samræma ber, eins og kostur er, aðgerðir opinberra aðila s.s. ríkissjóðs, Seðlabanka, Íbúðalánasjóðs, Bankasýslu ríkisins, sveitarfélaga og annarra við efnahagsstjórnun og framkvæmd peningastefnu. Mikilvægt er að samstarf takist milli fyrrgreindra aðila með það að markmiði að afnema verðtryggingu og fjölga kostum óverðtryggðra lána, svo sem fasteignalána.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á langtímaáætlun í ríkisfjármálum og að tryggja sjálfbærni í rekstri. Mikilvægt er að hefja vinnu við endurskipulagningu á ríkiskerfinu með það að markmiði að lækka raunkostnað í rekstri þess. Við þær aðgerðir er mikilvægt að forgangsraða og að staðinn verði vörður um grunnþætti velferðar- og menntakerfis. Framsóknarflokkurinn telur að nú þegar hafi alltof langt verið gengið í hækkun skatta á launafólk og heimili. Flest bendir til að þær skattahækkanir sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir hafi leitt til vaxandi undanskota frá skatti og dregið úr hvata fólks til öflunar tekna og aukinar verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. Því leggur Framsóknarflokkurinn til að skattkerfið verði einfaldað, dregið úr neikvæðum jaðaráhrifum og persónuafsláttur hækkaður til fyrra horfs að raungildi.

Framsóknarflokkurinn telur að stefnt skuli að því að tekjuskattsprósenta fyrirtækja á Íslandi sé ávallt með þeim allra lægstu í löndum Vestur og Norður Evrópu. Lág tekjuskattsprósenta er mun líklegri til að draga að erlenda fjárfesta, auka innlendar fjárfestingar og auka skatttekjur.

Framsóknarflokkurinn telur að nú þegar þurfi að hefja sérstakt átak í opinberum framkvæmdum. Mikilvægt er að við val á slíkum framkvæmdum sé horft til vinnuafsfrekra verkefna og arðsemi þeirra. Ein af langtíma forsendum fjárfestinga í hverju hagkerfi er að samsvörun sé milli fjárfestinga og sparnaðar einstaklinga og

fyrirtækja. Mikilvægt er að stuðlað verði að meiri sparnaðarhneigð almennings, t.d. með aðgerðum í skattakerfinu. Í því sambandi leggur Framsóknarflokkurinn m.a. til að breytingar verði gerðar á fjármagnstekjuskatti, þannig að í stað skattlagningar nafnvaxtatekna verði raunvaxtatekjur skattlagðar. Núverandi skattlagningaraðferð, samfara þeirri staðreynd að álagsprósenta fjármagnstekjuskatts hefur tvöfaldast í tíð núverandi ríkisstjórnar getur auðveldlega leitt til neikvæðra raunvaxta á innistæðum fólks í bönkum og þar með stórlega dregið úr sparnaðarvilja almennings. Þá telur Framsóknarflokkurinn mikilvægt að aftur verði tekinn upp sérstakur skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa.

Mikilvægt er að endurskoða skattaumhverfi frjálsra félagasamtaka til samræmis við löggjöf nágrannalanda.

Framsóknarflokkurinn telur að rekstrar- og félagsform sem byggir á lýðræði, jafnrétti, sanngirni og samstarfi, eigi að vera eitt af grunngildum íslensks efnahagslífs. Því beri að halda samvinnufélagsforminu á lofti og einfalda lög um samvinnufélög jafnframt því að endurbæta skattaumhverfi félagslegra rekstrarforma. Hugsjónir og hugmyndafræði samvinnufélaga eiga afdráttarlaust erindi í nútímasamfélag. Hefja þarf fræðslu um kosti þessa rekstrarforms og skapa því sess í samfélaginu. Í samvinnuhugsjóninni er að finna hljómgrunn Framsóknarflokksins þar sem manngildi er ofar auðgildi og félagsleg samábyrgð ofar einstaklingshyggju.

Til að endurreisa íslenska hagkerfið telur Framsóknarflokkurinn að eitt brýnasta verkefni stjórnvalda felist í auknum útflutningi vöru og þjónustu. Framsóknarflokkurinn leggur til að sett verði sem yfirlýst markmið að aukning útflutningstekna á næstu sjö árum verði að raungildi a.m.k. 60%. Sérstök áhersla verði lögð á örvun útflutnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram ítarlegar tillögur til lausnar skuldavanda heimila og fyrirtækja. Enn vantar mikið upp á að bankar og önnur fjármálafyrirtæki hafi unnið úr þeim gríðarlega flóknu og erfiðu skuldamálum sem einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki eiga við að glíma, ekki síst vegna lagalegrar óvissu um ýmis mikilvæg mál, doða og ráðaleysi stjórnvalda.

Framsóknarflokkurinn telur að tryggja verði fjölbreytni, virka samkeppni og sjálfbærni á fjármálamarkaði. Flest bendir til að bankakerfið sé til muna of stórt, miðað við innlent umfang þess, og að möguleikar séu á umtalsverðri hagræðingu sem skilað geti sér í arðbærara bankakerfi og minni kostnaði fyrir almenning og fyrirtæki. Upplýsingar um eignarhald á bankastofnunum skulu vera opinberar. Framsóknarflokkurinn vill jafnframt að skoðaðir verði kostir og gallar þess að skýr skil verði gerð á milli reksturs viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi hér á landi.

Framsóknarflokkurinn telur að nú þegar þurfi að hefja vinnu við endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins með það að markmiði að stuðla að sameiningu lífeyrissjóða í landinu, efla starfsemi þeirra, samræma réttindi sjóðsfélaga og draga úr rekstrarkostnaði.

Ályktun um mennta- og menningarmál

Á Íslandi skulu allir njóta jafnra tækifæra til menntunar, óháð efnahag og búsetu. Þá skulu fjárveitingar hverju sinni ekki skerða tækifæri til menntunar. Námsumhverfi á Íslandi skal standast alþjóðalegan samanburð og vera fjölbreytt, eftirsóknarvert og endurspeglar þarfir þjóðar í nútíð og framtíð. Þannig þarf samvinnu milli menntakerfis og atvinnulífs. Líta verður jákvæðum augum til nýsköpunar í menntakerfinu, hvort sem um ræðir ólík rekstrarform, breytta aðkomu starfsfólks eða nýjar kennsluaðferðir. Hafa skal hagkvæmni, aukin gæði og hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Námskjal skal mæta þörfum hvers og eins hvort sem því markmiði verður náð með sérskólum eða skólum án aðgreiningar. Slíkt á við bæði fyrir þá sem þurfa aukinn stuðning og þá sem skara fram úr. Við viljum samfellu og samvinnu milli skólastiga þannig að tíminn sé nýttur sem best.

Efla þarf stuðningsnet skóla þannig að það geti tekið mið af mismunandi þörfum nemenda. Þingið lýsir áhyggjum vegna fjölda drengja sem hverfa frá námi í framhaldsskólum og telur að það vanti m.a. fleiri fyrirmyndir þ.e. karla í kennslu. Þá er mikilvægt að hækka laun til að laða að fleiri góða kennara. Bæta þarf stærðfræðikennslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Dreifbýlisstýrkur skiptir sköpum til að tryggja jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hlutverk hans á að vera að annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Í leikskóla á sér stað mótun sem einstaklingurinn býr að alla ævi.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfs, hann er þroskaskeið barnsins og jafnframt helsta kennsluaðferð leikskólakennarans. Tryggja þarf greiðslur úr jöfnunarsjóði til að mæta nýjum lögum varðandi snemmtæka íhlutun.

Tryggja þarf framboð á hæfu verk- og tæknimenntuðu fólki, en forsenda þess er öflugt iðn- og verknám. Í samvinnu við atvinnulífið þarf að viðhalda öflugum kerfi sí- og endurmenntunar um allt land.

Skólagjöld í opinberum háskólum koma ekki til greina í almennu grunnnámi (BA/BS). Einn helsti styrkur íslensks samfélags hvað þekkingu varðar er hve margir einstaklingar hafa sótt sér menntun erlendis og nýtt hana hér á landi. Við leggjum ríka áherslu á að svo verði áfram. Á þetta ekki síst við um framhaldsmenntun á háskólastigi. Hið opinbera á að treysta í sessi öflugum grunnnám á háskólastigi auk frekari uppbyggingar á framhaldsnámi í greinum sem eru sterkar fyrir og efla tengingu við innlent atvinnulíf. Til að ná því markmiði þarf að leggja frekari áherslu á raungreinar. Við viljum sjálfstæða háskóla á landsbyggðinni jafnt og á höfuðborgarsvæðinu en gera verður sömu kröfur til allra hvað gæði varðar. Til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag þarf LÍN að lána sem nemur raunhæfri framfærslu á hverjum tíma.

Við viljum öflugt menningarlíf. Það gefur mikið af sér og hefur bæði menningarlega þýðingu og efnahagslega. Það skilar árangri í kynningu á landi og þjóð á erlendri grundu. Við viljum að á Íslandi verði listnám útbreitt og viðurkennt. Lykilsöfn í íslensku samfélagi verða að hafa góða aðstöðu til sýninga og varðveislu muna, rannsókna og söfnunar. Við fögnum þeirri grósku sem ríkir í stofnun og starfsemi

lítilla safna, sérstaklega á landsbyggðinni. Menningarsamningar hafa gefið góða raun og viljum við fjölga þeim.

Fjölmíðlar eru mikilvæg upplýsingaveita almenningis í lýðræðislegu samfélagi. Auka þarf gagnsæi um útbreidda fjölmíðla þannig að eignarhald sé skýrt og til að koma í veg fyrir samþjöppun. Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og á því hvílir rík skylda að þjóna öllu landinu. Útvarpsgjaldið verður að renna óskipt til RÚV. Stefnt skal að því að auka hlutdeild norræns dagskrárefnis í Ríkissjónvarpinu þegar samningur við RÚV verður næst endurnýjaður en það er nú 7,5%.

Styrkja þarf mun frekar íslenska tungu, viðhald tungumálsins og þróun.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi íþrótta-, tómsunda- og æskulýðsmála. Samþætta á leik og nám eftir því sem kostur er. Stuðla ber að flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort um ræðir íþróttir, listnám, listsköpun eða félagsstarf. Slíkt starf þroskar einstaklinginn og hefur mikið forvarnargildi.

Ályktun um velferðarmál

Á Íslandi eiga allir að hafa aðgang að fullkomnasta heilbrigðiskerfi sem völ er á og mikilvægt er að tryggja jafnan aðgang að því óháð búsetu og efnahag.

Tannvernd barna verði hluti af hinu almenna heilbrigðiskerfi.

Framsóknarflokkurinn hafnar niðurskurði í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er að snúa því ferli við.

Framfarir í heilbrigðisþjónustunni eru í hættu þar sem verulega hefur dregið úr nauðsynlegri endurnýjun á tækjum og búnaði.

Efla þarf heilsugæsluna á öllu landinu, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, svo að unnt sé að koma á svokölluðu valfrjálsu tilvísunarkerfi. Valfrjálst tilvísanakerfi mun stuðla að hagkvæmari rekstri heilbrigðiskerfisins.

Lyfjakostnaði almennings verði náð niður með markvissum aðgerðum.

Leggja skal áherslu á að auka meðvitund og ábyrgð almennings á eigin heilsu og að bregðast við þeim hættum sem fylgja nútíma lifnaðarháltum. Mikilvægt er að stórefla forvarnir því þær eru góð fjárfesting fyrir samfélagið. Forvarnir við notkun tóbaks, áfengis og ólöglegra vímuefna eru gott dæmi um það. Skýra þarf lagaumhverfi um bann við áfengisauglýsingum og markaðssetningu sem beinist að börnum.

Samvera fjölskyldunnar er mikilvæg. Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að fjölskyldan sé í fyrirrúmi. Jafnframt þarf að tryggja betra jafnvægi milli atvinnu og fjölskyldulífs svo foreldrar og börn verji meiri tíma saman t.d. með því að stytta vinnuvikuna í 35 stundir. Nauðsynlegt er að efla foreldrafræðslu á sviði forvarna.

Framsóknarflokkurinn telur að endurskoða skuli barnaverndarmál í heild sinni í takt við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Horft skal til nágrannaþjóða okkar varðandi útfærslu og framkvæmd þessara mála. Jafnræðis verði gætt í vinnubrögðum, ákvarðanatökum og úrræðum sambærilegra mála á öllu landinu.

Skoðaðir verði kostir og gallar við að heimila að börn hafi tvöfalt lögheimili í þeim tilfellum þar sem foreldrar búa á tveimur stöðum og hafa sameiginlega forsjá.

Geðheilbrigðisþjónustu við börn þarf að tryggja til 18 ára aldurs. BUGL, sambærilegar stofnanir og lækningar þurfa að geta sinnt öllum þeim er á hjálp þurfa að halda og eftirfylgni þarf að vera til staðar um land allt.

Efla ber geðheilbrigðisþjónustu með auknum styrk framlínuþjónstunnar. Styrkja þarf heilsugæsluna um allt land með ráðningu þverfaglegra teyma m.a. sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjupjálfa.

Það er skylda samfélagsins að tryggja öllum þegnum viðunnandi framfærslu. Brýnt er að endurskoða almannatryggingakerfið í heild. Kerfið á að vera gegnsætt, sanngjarnt og byggja á raunhæfri framfærslu hverju sinni.

Tryggja þarf framfærslu fyrir öryrkja og atvinulausra en þó skal þess gætt að alltaf verði hagkvæmara að stunda vinnu en að vera á atvinnuleysisbótum. Þátttaka hins opinbera í ferðakostnaði sjúklinga verði aukin enn frekar til að koma í veg fyrir mismunun í aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna búsetu. Mikilvægt er að standa vörð um kjör þeirra sem minna mega sín á samdráttartímum.

Framsóknarflokkurinn vill að allir þegnar þjóðfélagsins njóti jafnræðis. Hver og einn einstaklingur á að fá tækifæri til að þroska hæfileika sína og hafa möguleika til að njóta jafnra tækifæra á þeim sviðum, sem hugur hans stendur til.

Brýnt er að réttindagæsla fatlaðra verði að veruleika og að hugtakið fötlun sé breytingum undirorpið og að rekja meigi fötlun til víxlverkunar milli skertra einstaklinga og viðhorfstengdra tálma og umhverfishindrana sem koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Tryggt verði að fötluð börn með tvö heimili eigi sama rétt á þeim báðum um tækjabúnað og aðra sérþjónustu.

Taka skal upp notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) þar sem notendur geta fengið fjármagnið beint til sín sem tryggi þeim bein áhrif á eigið líf.

Tryggja þarf tekjur öryrkja í samræmi við nýútkomin neysluviðmið.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að hið opinbera og atvinnulífið beiti sér með opinberu átaki til að jafna hlut kvenna og karla í stjórnunarstörfum, nefndum og ráðum. Ennfremur að hið opinbera standi fyrir aukinni jafnréttisfræðslu í skólum landsins.

Framsóknarflokkurinn mun standa vörð um fæðingarorlofið og tryggja þátttöku beggja foreldra í því.

Allir skulu njóta sömu réttinda í samfélaginu óháð kynhneigð og kynímynd og á löggjöfin að endurspegla það.

Aldraðir með ólíkar aðstæður, væntingar og þarfir kalla á fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu sem tekur mið af þörfum fólks hverju sinni. Gera þarf átak í að bjóða upp á aðgengileg og fjölbreytt búsetuúræði til að mæta mismunandi þörfum fólks.

Skoða skal kosti þess að koma á árlegum heimsóknum í forvarnarskyni sem bjóðist öllum sem eru 75 ára og eldri til að hægt verði að veita þeim þjónustu strax og þurfa þykir svo að þeir geti búið sem lengst heima.

Mikilvægt er að vistunarmat faghóps tryggi ætíð forgang þeirra veikustu að dvöl í hjúkrunarrými.

Gera skal áætlun um og hrinda í framkvæmd uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Hindra ber að aukin skattlagning komi niður á sparnaði eldri borgara og miða þarf lífeyri við raunhæfa framfærslu. Nauðsynlegt er að endurskoða tekjutengingu allra bóta.

Allir landsmenn skulu búa við öryggi í húsnæðismálum og hafa raunverulegt val um búsetuform. Auka þarf fjölbreytni búsetuforma með því að endurskoða og styrkja lög um samvinnufélög á sviði húsnæðismála.

Íbúðalánasjóður gegnir veigamiklu hlutverki á húsnæðismarkaði og ber að viðhalda því. Flutningur á milli lánsforma verði auðveldaður með því að fella niður gjaldtöku við skilmálabreytingu og endurfjármögnun. Stjórnvöld beiti sér fyrir því að boðið verði upp á óverðtryggt húsnæðislán. Hvatt verði til valfrjáls sparnaðar hjá ungu fólki með m.a. skattaívilnunum vegna kaupa á íbúð eða til kaupa á búseturétti.

Ályktun um innanríkismál

Við viljum raunverulegan aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Styrkja þarf stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu þannig að sjálfstæði Alþingis sé raunverulegt. Alþingi verður þess vegna að ráða yfir fjármagni til þess að geta leitað sérfræðiaðstoðar.

Framsóknarflokkurinn er hlynntur persónukjöri.

Við viljum að vægi atkvæða verði jafnað eins og kostur er.

Við höfnum því alfarið að landið verði gert að einu kjördæmi.

Við viljum að lögverndaður eignarréttur sé virtur og að vegferð ríkisins í þjóðlendumálum verði stöðvuð.

Þjóðin þekkir rætur sínar, menningararf og þau siðrænu gildi sem hún hefur byggt samfélag sitt á um aldir. Þessi siðrænu gildi eru að miklu leyti sprottin úr kristnum jarðvegi enda hefur kristin kirkja haft mótandi áhrif á menningu þjóðarinnar undanfarin þúsund ár. Við viljum að áfram verði stutt við öflugt starf þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga.

Mikilvægt er að innflytjendum sé gert kleyft að aðlagast íslensku þjóðfélagi og þeir geti nýtt hæfileika sína til fullrar þátttöku í samfélaginu. Kunnátta í íslensku er lykillinn að samfélaginu.

Íslendingar eiga að sýna ábyrgð í samfélagi þjóðanna og halda áfram að leggja sitt af mörkum við að taka á móti flóttafólki í samræmi við alþjóðasáttmála.

Í lýðræðislegu þjóðfélagi er einfalt og skilvirkt réttarkerfi ein af forsendum réttlætis. Ágreiningsmál, hvort heldur þau eru á stjórnáslustigi eða fyrir dómstólum, þurfa að ganga hratt og örugglega fyrir sig. Við viljum að dómstigum verði fjölgað úr tveimur í þrjú til að gera dómskerfið skilvirkara og til að dómsmál gangi hraðar fyrir sig.

Framsóknarflokkurinn vill tryggja flýtimeðferð dómsmála hvað lána- og skuldamál varðar til að flýta fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja.

Það er grunnskylda ríkisins að tryggja öryggi borgaranna. Forsenda þess er öflug löggæsla. Mikilvægt er að viðhalda jákvæðum samskiptum lögreglu og almennings. Það má ekki undir neinum kringumstæðum slá af kröfum þar að lútandi og á það við um land allt. Lögreglu skulu sköpuð starfsskilyrði til að hún geti sinnt þeim fjölmörgu verkefnum sem að henni snúa. Til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi s.s. innflutningi fíkniefna, mansali, hryðjuverkum og auknum umsvifum skipulagðra glæpagengja, skal veita lögreglunni sambærilegar heimildir og lögregla í öðrum norrænum ríkjum hefur, svo unnt sé að rannsaka og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn slíkri starfsemi.

Fangelsisvist skal ekki aðeins vera refsing heldur einnig betrunarvist. Markmiðið er að þeir sem afplána refsidóma snúi út í samfélagið á ný sem betri þjóðfélagsþegar. Í því augnamiði þarf að fjölga úrræðum fyrir unga afbrotamenn enda geta önnur úrræði en fangelsisvist borið meiri árangur, sérstaklega við fyrsta brot. Við teljum brýnt að fjölga fangarýmum þannig að afplánun refsidóma geti hafist sem fyrst að uppkveðnum dómi. Miða skal við að erlendir ríkisborgarar afpláni íslenska refsidóma sína í heimalandinu þegar við á.

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem ávallt skal virða.

Verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er nauðsynlegt að endurskoða með hliðsjón af kröfum íbúa um aukna nærþjónustu. Samhliða þeirri endurskoðun þarf að breyta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem nú er óraunhæf og óréttlát, enda hallar verulega á sveitarfélögin. Þessu vill Framsóknarflokkurinn breyta með því að skilgreina hvað sé grunnþjónusta hjá sveitarfélögunum og jafna tekjuhlotfall milli ríkis og sveitarfélaga.

Stefna ber að því að flytja fleiri opinber störf til landsbyggðarinnar þar sem því verður við komið. Við leggjum áherslu á jafnrétti óháð búsetu.

Traust stoðkerfi er atvinnulífi landsbyggðarinnar afar mikilvægt. Öflug ráðgjöf og greiður aðgangur að lánsfé á sanngjörnum kjörum jafnt og öðrum fjármögnunarleiðum eru hluti af forsendum trausts atvinnulífs og farsællar búsetu á landsbyggðinni.

Greiðar samgönguleiðir eru lífæð búsetu í landinu. Þingið leggur áherslu á að áfram verði haldið uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins þrátt fyrir efnahagsþrengingar. Auka þarf umferðaröryggi og útrýma einbreiðum brúm í þjóð- og stofnvegakerfinu.

Flugvöllurinn í Reykjavík verði áfram í Vatnsmýrinni, sem hornsteinn fyrir samgöngur landsmanna, vegna almenningsþarfa.

Við höfnum vegatollum nema í undantekningartilfellum þar sem vegakerfið bíður upp á hjáleið. Við leggjum áherslu á uppbyggingu almenningsgangna. Þær eiga að vera raunhæfur valkostur.

Við viljum tryggja að grunnnet fjarskipta og raforku verði í opinberri eigu og haldið verði áfram að byggja upp gott dreifikerfi fjarskipta og raforku til lands og sjávar.

Til að auka öryggi á hættuslóð skal stefnt að því að koma upp boðunarkerfi í tengslum við almannavarnir sem er þeim eiginleikum gætt að senda má neyðarboð með sms-smáskilaboðum í gsm-síma allra ferðamanna, sem eru staddir þar sem náttúruhamfarir geisa eða eru yfirvofandi.

Samkeppnisumhverfi þarf að vera heilbrigt og vernd neytenda öflug. Opinberar eftirlitsstofnanir eiga að tryggja réttindi neytenda og fyrirtækja og að koma í veg fyrir óeðlilega viðskiptahætti. Tryggja þarf að eftirlitsstofnanir geti sinnt hlutverki sínu. Auka þarf neytendavitund og fræðslu.

Sýna skal íslenska fánanum fulla virðingu. Heimila má notkun fánans utan hefðbundins dagsbirtutíma með reglugerð.

Ályktun um auðlinda- og umhverfismál

Ísland er ríkt af náttúruauðlindum. Nýting þeirra og afrakstur er á höndum samfélagsins og stjórnast af heildarhagsmunum landsmanna til lengri tíma. Tryggja verður öllum landsmönnum sanngjarnan arð af sameiginlegum auðlindum. Náttúruauðlindir landsins verði nýttar af varúð og virðingu með sjálfbærni að leiðarljósi.

Auðlindaákvæði verði sett í stjórnarskrá sem tryggja eign íslenska ríkisins og sveitarfélaga utan eignarlanda. Jafnframt verði lögfest hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru, eins og kostur er.

Ætla má að arðsemi af nýtingu náttúruauðlinda geti í fyrirsjáanlegri framtíð orðið mikil. Lagt verði á auðlindagjald, sem renni til ríkissjóðs og sveitarfélaga af nýtingu auðlinda. Auðlindagjaldið getur verið breytilegt eftir auðlindum.

Við úthlutun virkjanaleyfa til raforkuframleiðslu, jafnt á eignarlöndum sem þjóðlöndum, verði við það miðað að virkjanir stærri en 5 MW skuli vera í eigu orkufyrirtækja sem eru í eign ríkis eða sveitarfélaga, að a.m.k. 2/3 hlutum. Nýtingarréttur á eignarlöndum verði metinn á sanngjarnan hátt og hvati verði skapaður fyrir landeigendur til að nýta orkukosti á sínu landi þeim til hagsbóta.

Ísland býr yfir miklum hreinum og endurnýjanlegum orkulindum, auk vatns- og jarðvarma. Jarðarbúar munu beina sjónum sínum að nýjum lausnum í stað jarðefnaeldsneytis og kjarnorku. Íslendingar eiga að taka fullan þátt í þróun og nýtingu nýrra endurnýjanlegra og umhverfisvænni orkugjafa s.s. vindorku, ölduorku, sjávarfallaorku og framleiðslu metans, metanóls, lífdísils og á mögulegum öðrum hreinum orkugjöfum þar sem það er talið hagkvæmt. Á næstu tveimur áratugum verði unnið markvisst að því að gera Ísland sjálfbært um orku og nýting hreinna orkugjafa innanlands komi smám saman í stað innflutts jarðefnaeldsneytis. Kanna á af fullri

alvöru hvort lagning sæstrengs sem tengist orkumarkaði Evrópu sé hagkvæm með útflutning raforku í huga.

Auka á langtímasýn á sem flestum sviðum. Í því skyni á að marka stefnu um landnotkun með aðkomu almennings og hagsmunaaðilum sem varðar þjóðarhagsmuni um grunngerð á landsvísu, s.s. landnýtingaráætlun, byggðááætlun, samgönguáætlun, náttúruverndaráætlun, áætlun um nýtingu auðlinda, heilbrigðisáætlun o.s.frv. Við gerð langtímasýnar og landsskipulags í þá veru verði ekki gengið á sjálfstæði sveitarfélaga og skipulagsvaldið verði áfram á sveitarstjórnarstiginu.

Virðing fyrir náttúrunni hefur verið grunnstef í stefnu Framsóknarflokksins frá stofnun hans. Náttúruvernd er ein tegund landnýtingar og ekki um það deilt að náttúra landsins er ein helsta auðlind þess. Verndargildi á hverjum stað þarf að meta á faglegan hátt með viðtæku samstarfi þar sem stefnan er sett fram í náttúruverndaráætlun og með lögum um náttúruvernd. Stefnumörkun taki einnig tillit til búsetu- og menningarminja. Við framkvæmdir eða uppbyggingu á svæðum með hátt verndargildi skiptir miklu að greina á milli þess sem er óafturkræft og þess sem fjarlægja má síðar án ummerkja í umhverfinu. Miklu skiptir að komið verði í veg fyrir átroðning í viðkvæmri náttúru landsins með bættu skipulagi í móttöku og aðgengi fólks. Almennaréttur til umgengni um landið og hóflegar nýtingar þarf að vera ríkur og náttúruvernd á aðeins í undantekningartilvikum að útiloka fólk frá aðgengi.

Endurnýting og endurvinnsla takmarkaðra auðlinda jarðarinnar er eitt brýnasta viðfangsefni umhverfismálanna. Mikilvægt er að auka til muna hugsunarhátt hringrásar á sem flestum sviðum þar sem hagrænum hvötum er beitt í ríkum mæli. Með því eykst umhverfisvitund fólks, dregur úr sóun og verðmæti skapast m.a. úr úrgangi.

Tryggja verður með lögum rétt almennings til heilnæms umhverfis og ómengaðra matvæla. Þó hreinleiki umhverfis sé óviðá meiri en hér á landi verðum við að halda vöku okkar og gera miklar kröfur til hreinleika andrúmsloftsins. Í engu má slaka á í aðgerðum sem viðhalda óspilltu hafi og ómenguðum jarðvegi. Huga þarf betur að aðgerðum til að draga úr hljóðmengun í borgar- og bæjarsamfélögum.

Ísland taki fullan þátt og verði í fararbroddi í stefnumörkun og aðgerðum til hnattrænnar umhverfisverndar á alþjóðavísu, ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Norðurskautsráðsins. Á sama hátt hafa Íslendingar alla burði og eiga að beita sér af fullum þrótti í því að verða leiðandi og til fyrirmyndar í mótvægisáðgerðum til að sporna gegn afleiðingum af hnattrænni umhverfisvá.

Ályktun um utanríkismál

Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar og veita öflugt fyrirvar gagnvart öðrum ríkjum. Sem smáríki á Ísland hag sinn undir því að alþjóðalög séu virt og þjóðir leysi sín deilumál friðsamlega. Eins eru það hagsmunir smáríkja að stuðla að alþjóðlegri samvinnu til þess að mæta þeim ógnum sem virða hvorki landamæri né leikreglur alþjóðakerfisins. Fríverslun og aðgangur að

mörkuðum er viðskiptaþjóð eins og Íslendingum lífsnauðsyn. Því er það mikilvægt að Íslendingar njóti ávallt bestu kjara í viðskiptum við aðrar þjóðir.

Íslendingar skulu áfram leita eftir samstarfi við þjóðir innan og utan Evrópusambandsins á grundvelli frjálsra og sanngjarnra samninga og samvinnu sem byggir á jöfnuði og ábata allra aðila. Með slíkum samskiptum geta íslensk stjórnvöld tryggt hagsmuni Íslands best á hverjum tíma. Framsóknarflokkurinn telur hag lands og þjóðar best borgið utan Evrópusambandsins. Nú sem fyrr standa auðlindir þjóðarinnar undir velferð hennar og fullt og óskorað forræði á þeim er forsenda farsældar til framtíðar. Framsóknarflokkurinn telur að þjóðin skuli ætíð eiga beina aðkomu með þjóðaratkvæðagreiðslu að ákvörðunum um stórmál eins og aðild að Evrópusambandinu og mun flokkurinn berjast fyrir þeim rétti.

Norrænt samstarf og grannsvæðasamstarf skipi sem fyrr mikilvægan sess í utanríkisstefnu landsins. Íslendingar eiga á sameiginlegra hagsmuna að gæta með nágrannaþjóðum sínum hvað varðar auðlindir, arfleifð og þjóðmenningu. Framtíðarhagsmunir þjóðarinnar liggja í að nýta og vernda auðlindir á og við Ísland. Það gerum við best í samstarfi við þjóðir og lönd sem hafa sameiginlega hagsmuni og skilning á slíkum málum. Því er gott samstarf Norðurlanda og vestnorrænna þjóða mikilvægt.

Framsóknarflokkurinn leggur jafnframt aukna áherslu á samstarf við nágrannaþjóðir við Norður-Atlantshaf m.a. vegna loftslagsbreytinga og aukinna flutninga á norðurslóðum. Lögð er áhersla á að Ísland nýti möguleikana sem felast í auknum skipaflutningum um Norðurslóð og bregðist við með umskipunarhöfn á Íslandi fyrir slíkum flutninga. Aukin umferð skipa kallar á aukið eftirlit með sjóferðum og samstarfi við aðra hagsmunaaðila svæðisins. Íslendingar eiga að hafa frumkvæði að því að alþjóðlegt öryggis- og björgunarlið siglinga verði stofnað og hafi höfuðstöðvar hér á landi. Nýta skal möguleikana sem felast í fríverslunarsamningi Kanada og EFTA-þjóðanna auk þess að gera fleiri fríverslunarsamninga við ríki utan EES-svæðisins. Í ljósi fyrirsjáanlegrar þróunar loftslags á næstu áratugum skal leggja áherslu á að styrkja og auka innlenda matvælaframleiðslu. Mikilvægi auðlinda eins og endurnýjanlegrar orku, landbúnaðar, sjávarútvegs og drykkjarvatns mun aukast mjög á næstu áratugum. Yfirráð og úrvinnslu auðlinda lands og þjóðar þarf því að efla.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu ásamt þátttöku í varnarsamstarfi við aðrar þjóðir á jafnréttisgrundvelli, tryggir best öryggi borgaranna og ríkisins enda séu mannréttindi og lýðræði leiðarljós slíks varnarsamstarfs.

Framsóknarflokkurinn telur þátttöku í friðargæslu og hjálparstarfi mikilvægan þátt í utanríkisstefnu Íslands. Leggja skal áherslu á aðkomu borgaralegra sérfræðinga að uppbyggingu á svæðum sem orðið hafa fyrir hörmungum. Markmiðið er að sinna mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara.

Sjöferðislegar og pólitískar skyldur leggja okkur á herðar sem ábyrgri þjóð í samfélagi þjóðanna að taka myndarlega þátt í alþjóðlegri þróunarsamvinnu í baráttunni gegn fátækt. Lykillinn að starfi Íslendinga í þróunarmálum á að vera sá að hjálpa fólki í þróunarríkjunum til sjálfsbjargar. Stefna ber að því að Íslendingar auki opinber framlög á næstu árum og verji 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarmála eigi

síðar en árið 2018. Leggja ber höfuðáherslu á árangur og sjálfbæra þróun í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Verkefni Íslendinga taki ávallt mið af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Stuðla ber að fræðslu og vitundarvakningu meðal íslensku þjóðarinnar um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Jafnréttisáætlun Framsóknarflokksins

Flokksþingið lýsir þeim vilja sínum að jafna stöðu karla og kvenna á vettvangi stjórnmalanna með sérstökum aðgerðum. Í því skyni þarf einkum að styrkja og bæta hlut kvenna.

Áætlunin kveður á um það hvernig Framsóknarflokkurinn í innra sem ytra starfi vinnur að jafnrétti, jafnri stöðu og jafnri virðingu kvenna og karla í stjórnmalum. Markmiðið er að ná jafnri þátttöku karla og kvenna í starfi á vegum flokksins, ákvarðanatöku og ábyrgðarskiptingu.

Framkvæmd og umfang

Áætlun þessi tekur til allra stofnana flokksins sem og til allra trúnaðar- og ábyrgðarstarfa fyrir flokkinn.

Jafnréttisfulltrúi – jafnréttisnefnd

Jafnréttisfulltrúi skal starfa á vegum flokksins og hafa aðgang að starfsmanni. Skal hann koma með tillögur og ábendingar til þeirra sem undirbúa framboð á vegum flokksins. Jafnréttisfulltrúi heyrir undir landsstjórn Framsóknarflokksins og kynnr henni árlega stöðu jafnréttismála í flokknum.

Jafnréttisfulltrúi er flokksfélögum, kjördæmisráðum, þingflokki, framkvæmdastjórn og öllum félagsmönnum til ráðgjafar og aðstoðar í jafnréttismálum. Meðal annars til að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna og karla í starfi á vegum flokksins. Jafnréttisfulltrúi vinnur í nánú samstarfi við stofnanir flokksins að stefnumótun í jafnréttismálum innan Framsóknarflokksins og stjórnmalastarfi á vegum hans innan stjórnkerfisins.

Jafnréttisnefnd flokksins hefur það hlutverk að fylgja eftir jafnréttisáætlun Framsóknarflokksins. Í jafnréttisnefnd eiga sæti fulltrúi frá LFK, SUF og þingflokki auk framkvæmdastjóra flokksins. Jafnréttisfulltrúi skal vera formaður jafnréttisnefndar. Jafnréttisnefnd skal halda fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Stjórnir kjördæmissambanda skulu í samvinnu við jafnréttisfulltrúa vinna að hugmyndum til að ná fram markmiðum jafnréttisáætlunarinnar í hverju kjördæmi fyrir sig.

Jafnréttisáætlanir stofnana flokksins

Flokksþingið beinir því til sérsambanda, kjördæmastjórna, þingflokks og framkvæmdastjórnar að árlega verði gerð starfsáætlun í jafnréttismálum innan viðkomandi stofnana flokksins. Þar komi fram hvernig þau hyggjast vinna á grundvelli jafnréttisáætlunar og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í þeim tilgangi.

Flokksmönnum verði reglulega kynntar upplýsingar um hlutfall kynjanna í öllum stofnunum flokksins, á Alþingi, í ráðuneytum, sveitastjórnnum og meðal ráðherra flokksins þar sem gerður er samanburður milli ára. Karlar og konur verði hvött til að taka virkari þátt í að jafna stöðu kynjanna í stjórnmalastarfi á vegum flokksins.

Jafnréttisnefnd veitir viðurkenningu á flokksþingi þeirri flokksstofnun eða einstaklingum sem skarað hafa framúr að framgangi jafnréttisáætlunar flokksins.

Nefndir, ráð og framboðslistar

Við röðun á framboðslista, skipan í nefndir, starfshópa og stjórnir á vegum flokksins skal hlutfall kynja vera sem jafnast. Jafnréttisfulltrúi verði í nánú samstarfi við þá sem málið varðar.

Flokksþingið setur sér það markmið að árið 2013 verði hvorki hlutur karla né kvenna í trúnaðar- og ábyrgðarstöðum á vegum flokksins lakari en 40%.

Fræðsla og kynning

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnari stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi jafnréttisfulltrúa.

Ýmis framkomu- og ræðunámskeið ásamt kynningarstarfi skulu vera virkur þáttur í starfsemi flokksins í því skyni að jafna stöðu kynjanna. Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við fræðslu- og kynninganefnd flokksins skal vinna að því að námskeið séu haldin sem víðast.

Flokkurinn úthlutar árlega styrk til jafnréttisnefndar vegna útgáfu- og kynningarstarfsemi sem hefur það markmið að jafna stöðu kynjanna.

Lög og reglur Framsóknarflokksins, kjördæmissambanda og framsóknarfélaga verði yfirfarnar með það að markmiði að tryggja jafna stöðu kynjanna og þátttöku.

Endurskoðun árið 2013

Áætlun þessi skal endurskoðuð annað hvert ár fyrir flokksþing. Endurskoðunin skal taka mið af könnun á árangri áætlunarinnar.